

Kayakklúbburinn

Ársreikningur 2012



Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3	Efnahagsreikningur	´5-6
Rekstrarreikningur	4	Skýringar	´7-9

Áritun stjórnar og skoðunarmanns

Í stjórn:

Gjaldkeri	dagsetning
-----------	------------

Formaður	dagsetning
----------	------------

Áritun skoðunarmanns

	dagsetning
--	------------

Rekstrarreikningur ársins 2012

		2012	2011
Tekjur:	Skýr.		
Félagsgjöld		1.395.000	1.470.000
Geymslugjöld		1.428.000	1.179.500
Styrkir	3	400.000	604.000
Tekjur af námskeiðum		891.700	485.000
Tekjur af bókútgáfu	7	285.404	289.068
Auglýsingartekjur	3	35.000	35.000
Aðrar tekjur	3	100.000	34.205
		<u>4.535.104</u>	<u>4.096.773</u>
 Rekstrargjöld:			
Rekstrarkostnaður	4	1.977.139	917.966
Kostnaður af námskeiðum		818.792	758.538
Afskriftir	5 og 9	499.009	424.574
		<u>3.294.940</u>	<u>2.101.078</u>
 Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða		1.240.164	1.995.695
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Væðatekjur og verðbætur		78.174	66.459
Væðagjöld og bankakostnaður		0	0
		<u>78.174</u>	<u>66.459</u>
 Hagnaður(tap) ársins		<u><u>1.318.338</u></u>	<u><u>2.062.154</u></u>

Efnahagsreikningur ársins 2012

Eignir

		Skýr.	2012	2011
Fastafjármunir:				
Gámar, kayakar ofl.	5	3.658.599	2.941.086	
		<u>3.658.599</u>	<u>2.941.086</u>	
Veltufjármunir:				
Bankareikningar	9	3.825.167	3.637.063	
Birgðir		544.429	889.921	
Útistandandi (félaggjöld, geymslugjöld, námskeiðsgjöld)		869.100	891.000	
Sjóður		15.500	0	
Veltufjármunir		<u>5.254.196</u>	<u>5.417.984</u>	
Eignir samtals		<u>8.912.795</u>	<u>8.359.070</u>	

Hinn 31. desember 2012

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2012	2011
Eigið fé:			
Höfuðstóll	8	8.676.643	8.359.070
Eigið fé		8.676.643	8.359.070
Skuldir:			
Skuldbinding v/lyklagjalds	6	0	0
Aðrar skuldir		(236.152)	0
Skammtímaskuldir		(236.152)	0
Skuldir samtals		(236.152)	0
Skuldir og eigið fé samtals		8.440.491	8.359.070

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, en ef um breytingar er að ræða er gert grein fyrir þeim hér á eftir.

2 Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni (Eignastaða 1/1 2004 og kaupverð eigna 2004-2012):

Rekstrarfjármunir 1/1.2004.....	1.282.097
Kaup 2004:	
Bátur.....	50.000
Eignfærsla v. Geldinganes.....	458.586
Kaup 2005:	
2 kajakar.....	110.000
Gámur.....	160.000
Kaup 2006:	
40 feta.gámur.....	197.000
Kajak.....	174.001
Tjald.....	104.000
Bátur.....	20.000
Kaup 2007:	
Bátur.....	20.000
Bátur.Capella með skeggi.....	49.926
Svuntur og vesti.....	72.072
Kaup 2008:	
40 feta.gámur.....	180.000
20 feta.gámur.....	323.660
Kaup 2009:	
Hitablásari.....	18.819
Talstöðvar sjúkrakassi og ljós.....	33.560
Kaup 2010:	
Bátur.Prion.Kodiak.....	80.000
Bátur.Surfski.....	398.901
Sjúkrakassi.....	21.152
Kaup 2011:	
Gámur.(einangraður.).....	656.901
Stakkar, keppnisvesti og þurpoki.....	84.740
Kaup 2012:	
Gámur.(einangraður.).....	345.500
Árar,Vesti og Svuntur.....	210.199
Bátar.(3.stk.Valley.Club.-rauðir.).....	504.510
Bátur.Capella með skeggi.-seldur..... (	100.000)
Einn.Seayk.gulur og grá Kodiak afskrifaðir til Magga vegna BCU..... (	100.000)
Hjartastuðtæki.....	263.815

Skýringar

	2012	2011
3 Aðrar tekjur		
Styrkir - frá Lotto	0	604.000
Seld ár - vængár sem kom með surfski fyrir Ola E.	0	34.205
Styrkur - SIL (bókaútgáfa 2011)	200.000	0
Styrkir - ITR (hjartastuðtæki og BCU)	200.000	0
Húfur	18.000	0
Aðrar tekjur	100.000	0
Auglýsingatekjur - Auglýsing Sportbúðarinnar á félagskírteini	35.000	35.000
	<u>553.000</u>	<u>673.205</u>
4 Rekstrarkostnaður		
a) Húsaleiga	245.000	240.000
b) Fundir og samkomur	8.950	16.420
c) Kostnaður v/ keppni	141.336	125.365
d) Félagsskírteini (prentun og útsending)	0	108.910
e) Stjórnarkostnaður (sendikostn., prentun, innheimtukostnaður o.þ.h.)	71.150	37.115
f) Geldinganes (viðhald og gjaldfærður búnaður auk Korpu)	1.255.353	58.737
g) Rekstur Geldinganes (hiti, rafmagn og lyklar)	205.347	276.499
h) Aðkeypt þjónusta	0	0
i) SPOT áskrift	0	23.366
j) Fréttabréf	0	0
k) Heimasíða (tengikostnaður og kostnaður v/ léns)	7.982	8.314
l) Kaffi og veitingar í róðrum	42.021	23.240
m) Ýmsir gripir (Húfur)	0	0
n) Viðhald búnaðar (bátar, sjúkrakassi, tjald)	0	0
o) Bikarkaup	0	0
	<u>1.977.139</u>	<u>917.966</u>
5 Fastafjármunir		
Eignir 1/1.....	2.941.086	2.526.232
Nýr búnaður á árinu	714.709	84.740
Seldur búnaður á árinu (Capella.), auk tveggja gamalla báta - afskrifaðir..... (	200.000)	0
Eignfært í aðstöðu á Geldinganesinu.....	609.315	656.901
Afskriftir 10%	(406.511)	(326.787)
	<u>3.658.599</u>	<u>2.941.086</u>
6 Skuldir		
Skuldbinding v/lyklagjalds fært niður í núll.....	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
7 Lagerstaða - bókaútgáfu		
Seldar bækur.....	229	115
Útistandandi hjá bóksölum.....	171	175
Hjá klúbbum.....	600	710
	<u>1.000</u>	<u>1.000</u>

Skýringar

8 Höfuðstóll

Hinn.1/1.....	8.359.070	6.163.577
Hækkun/lækkun ársins.....	1.318.338	2.062.154
Leiðrétting höfuðstóls.2011.....	0	133.339
Höfuðstóll 31/12	<u>9.677.408</u>	<u>8.359.070</u>

9 Birgðir

Birgðir 1/1.....	0	0
Sjókayak á Íslandi (bókalager) 885.stk.....	889.921	1.277.869
Selt á árinu 114 stk	(285.000)	(289.068)
Afskriftir 10%	(60.492)	(98.880)
	<u>544.429</u>	<u>889.921</u>

Skýringar og tölfræði

- a) Húsaleiga Nauthólsvík. Bátar og aðstaða
- b) Aðalfundur og stjórnarfundir
- c) Reykjavíkurbíkarinn, Hvammsvík
- d) Útgáfa félagsskírteina
- e) Tilfallandi rekstrakostnaður félagsins. Útsending krafna í banka
- f) Gámur
- g) Orkuveitan og Síminn
- h)
- i) SPOT áskrift
- j)
- k) Vefur
- l) Kaffi og veitingar stærri/skipulögðum félagsróðrum
- m)
- n)
- o)

Félagsgjöld:	2012	2011	2010
Fjöldi útsendra greiðsluseðla	308	316	263
Fjölskyldumerking	60	57	36
Fjölskyldumeðlimir	66	60	11
Einstaklingsmerking	245	259	227
Samtals félagsmenn	371	376	274
Úrsagnir 91 kreditnóta	57	10	47
Útgefnir greiðsluseðlar (félags- og geymslugjöld)	1.428.000	1.179.500	1.228.500

Bátageymslur:	Geldinganes	Nauthólsvík
Pláss	160	35
Fjöldi núna í notkun	138	27
Útistandandi með felagsgjöldum	183.200	0
Fjöldi aðila á bak við skuld	6	0

Taka ber útistandandi með og án báta með fyrirvara um hvað á eftir að afskrifa vegna þess að upplýsingar hafa ekki borist um úrsögn eða báta sem hafa verið teknir úr geymslum en geymslugjaldareikningur samt sem áður verið sendur út.

Skýrsla stjórnar 2012

Síðasti aðalfundur var haldinn 2. febrúar 2012 og voru þar mættir rúmlega 20 félagsmenn að venju. Guðmundur Breiðdal og Þóra Atladóttir hættu í stjórn og í stað þeirra komu inn þau Klara Bjartmarz og Sveinn Axel Sveinsson.

Stjórn Kayakklúbbsins 2012 var því skipuð:

Páll Gestsson, formaður

Gísli Karlsson, gjaldkeri

Lárus Guðmundsson, ritari

Örlygur Sigurjónsson

Klara Bjartmarz

Sveinn Axel Sveinsson

Í stuttu máli sagt þá var árið 2012 ágætis ár hjá klúbbum. Fjöldi félagsmanna er u.þ.b. 300 og fjölgar nokkuð á hverju ári. Þrátt fyrir talsverðar framkvæmdir í Geldinganesi var ágætis hagnaður eins og kemur fram í hjálögðum ársreikningi. Fjárhagsstaða klúbbsins er sterk þótt félags- og geymslugjöld séu afar hófstíllt.

Nefndir klúbbsins eru lykilþáttur í góðu starfi hans og meðfylgjandi skýrslur þeirra gefa ágætis yfirsýn yfir afrek ársins. Tvær nefndir hafa verið í dvala, skemmtinefnd og ritnefnd. Af þeim vettvangi er það að fréttast að Kayakklúbburinn hélt uppskeruhátíð sína í haust ásamt Siglingasambandi Íslands og tókst það vel til. Ritnefnd hefur umsjón með heimasíðunni og eru þau mál í ágætum farvegi og heimasíðan hefur verið lifandi og oft á tíðum skemmtileg.

Á árinu var samið við Vörð Tryggingar um tryggingar á aðstöðu og eignum Kayakklúbbsins. Um er að ræða bruna- og innbrotstryggingu. Það skal þó bent á að bátar félagsmanna í geymslum klúbbsins eru ekki tryggðir og þarf hver og einn að sjá um tryggingar á sínum bát kjósi hann svo.

Á aðalfundi 2012 var ákveðið að endurskoða lög klúbbsins. Klara Bjartmarz og Sveinn Axel Sveinsson tóku að sér endurskoðun laganna. Tillaga að nýjum lögum ásamt greinargerð var send með fundarboði aðalfundarins á félagsmenn og verður tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu á fundinum.

Nefndir Kayakklúbbsins 2012 og formenn þeirra:

Keppinefnd, Egill Þorsteinsson

Ferðanefnd, Gunnar Ingi Gunnarsson

Húsnæðisnefnd, Guðni Páll Viktorsson

Ungliða- og fræðslunefnd, Ólafur B. Einarsson

Sundlaugarnefnd, Magnús Sigurjónsson

Stjórn þakkar nefndum og formönnum þeirra sérdeilis vel fyrir gott starf og samstarf á árinu.

Ferðanefnd 2012

Ferðanefnd 2012 var skipuð Bjarna Kristinssyni, Gísli H. Friðgeirssyni, Jóhanni Geir Hjartarsyni, Ólafu Aðalsteinsdóttir, Páli Reynissyni, Reyni Tómasi Geirssyni, Sveini Axeli Sveinssyni,

Þóru Atladóttir og undirritaður Gunnar Ingi Gunnarsson var formaður.



Mynd 1: BK

Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Umsjónarmaður skipulegur ferð, fær nauðsynleg leyfi t.d. að fara um einkalönd og gistingu þar sem það á við. Hefðin hefur samt verið að hver nefndarmaður hefur tekið að sér að minnsta kosti eina ferð í skipulagningu og fararstjórn. Undantekning varð á því í sumar þegar fararstjórn vantaði í Jónsmessuferð.

Að venju þurfti ekki marga fundi. Einn fundur í byrjun febrúar og tölvupóst samskipti fyrir og eftir þar sem hugmyndir voru vegnar, metnar og úthlutað. Nokkur umræða var um það lúxusvandamál hvað aukist hefði þátttaka í flestar ferðir. Og þá hvort svæði og fararstjórn réði við aukninguna.

Með tilliti til þessara aukningar og eins dýrari ferðakostnaðar var áhersla lögð á skipulagningu styttri ferða og ferða í nágrenni við höfuðborgarsvæðið.



Mynd 2: GIG

Nokkur umræða skapaðist á korki klúbbsins vegna aukins erfiðleikastigs (ára merking ferða) Breiðafjarðarferðar. Reynslan hefur sýnt að straumar eru sterkir á svæðinu og oft þarf að róa fyrir opnu hafi nokkra vegalengd á milli eyja. Nefndin taldi fyrra mat of lágt að fenginni reynslu síðustu ára og því ástæða til að endurskoða matið.

Vinsældir ferðarinnar hefur aukist hratt síðustu ár. Svæðið ræður aðeins við takmarkan fjölda ræðara og litla tjaldbúð. Því er óhjákvæmilegt að grípa til einhverskonar fjölda takmörkunar. Þ.a.l. er nauðsynlegt fyrir fararstjórn að vita fyrirfram hvaða skilyrði þátttakendur þarf að uppfylla t.d., að sjálfsögðu, verða félagi í klúbbum.

Gera má ráð fyrir aukningu félagsmanna á næstu árum og nauðsynleg er að auka áhuga og þátttöku félagsmanna á öðru starfi félagsins og ferðum. Æskilegt er að þátttakan dreifist jafnar á ferðirnar. Það verkefni bíður klúbbsins og ferðanefndar á komandi árum.

Hefðir móta dagsskár ársins. Allt á sér sinn stað og tíma. Jónsmessa og sjómannadagur verða ekki hreyfð, önnur helgi í ágúst er frátekin fyrir Breiðafjörð, Hvítá á sama tíma og Eurovision. Aðrar ferðir raðast á sumarið þannig að þær rekist ekki á keppnir og hitting kayakfólks á Vestfjörðum (Reykjanesi), Wales og Norðfirði.



Mynd 3: GIG

Við upprifjun sumarsins man maður en og aftur mest eftir veðrinu. Í sumar var veðrið alveg andstætt sumrinu á undan sem þá hafði áhrif á fyrstu ferðir. Núna byrjaði sumarið snemma og fyrsti róður í maí gat ekki verið í meiri blíðu. Hins vegar urðu báðar útilegu ferðirnar okkar seinni hluta sumars fyrir barðinu



Mynd 4: GIG

á vondri veðurspá og var aflýst. Aflýsing Breiðafjarðarferðar voru vonbrigði því hún átti sér orðið langa samfellda sögu. En við förnum ekki öryggi fyrir góða sögu í ferðaskýrslu. Þátttaka meistara Maligiaq hins grænlenka í Jónsmessuróðri er einni minnistæð og hitti vel á í þeirri ára tískubylgju sem kennd er við Grænland. Stuttu ferðirnar í nágrenni höfuðborgarinnar sýndu okkur skemmtileg róðarsvæði sem við heimsækjum allt of lítið, Kjalarnes og Akranes.



Mynd 6: GHF



Mynd 5: SAS

Ég þakka ferðanefnd og fararstjórum samstarfið og kayak ræðurum samveruna í ár.

Gunnar Ingi Gunnarsson



Mynd 7: GP

21. Apríl - Geldingarnes - Nauthólsvík

Umsjón: Gunnar Ingi

Fyrsta ferð sumarsins gat ekki tekist betur. Veðrið yndislegt, sól og logn alla leið.

Hópurinn rúmlega 30 manns vel stemmdir og frábærir ræðarar.



mynd 8: GP

Róður frá Geldinganesinu um Engey, Akurey, Seltjörn við Gróttu og að ylströndinni í Nauthólsvík. Alls um 24 km róður í einstaklega góðu til lofts og sjávar. Stoppin hæfilega mörg og löng til að endurnýja orkubirgðir og krafta til róðra.



mynd 9: GP

Það er greinilega orðin til stór hópur karla og kvenna til langróðra á kayak- þessi róður sýndi það.

19. Maí - Geldingarnes – Kjalarnes

Umsjón: Gunnar Ingi

Það voru fimmtán ræðarar sem lögðu upp frá höfuðstöðvunum í austan vindi þó ekki svo miklum að það væri til að hafa áhyggjur af enda allt vanir ræðara.

Frá Lundey yfir í Brimnes var töluverður vindstrengur sem kom á hliðina á okkur með tilheyrandi öldugangi en allt gekk þetta vel. Í Brimnesi var tekið land aðeins til að teygja sig og klöngrast í flughálum steinunum. Kaffistopp var tekið neðan við byggðina á Kjalarnesi í blíðvirði. Áfram var róið í kringum Kjalarnesi í mjög skemmtilegum aðstæðum, klettur og björg sem gaman var að skoða, sama var uppá teningnum í kringum Músanes.



mynd 10: ÞK

Hluti hópsins hringaði svo að lokum Andriðsey á meðan aðrir voru orðnir tímabundnir og fóru beint í bílana sem stóðu við bæinn Brautarholt. Harði kjarninn endaði svo á róa bara aftur heim !!

Alls voru rónir um 21 km í bílana, svo hefur verið ca 15 km heim aftur.



mynd 11: GIG

Þessir réru Gunnar Ingi, Sigrún, Þóra, Klara, Kolla, Björg (systir Þorbergs) Þorbergur, Ólafía, Egill, Össur, Guðni Páll, Einar Sveinn, Sigurjón, Perla og Lárus. Guðni, Össur og Egill réru heim aftur.



Mynd 12: GIG

Það vakti athygli hve þarna er flott róðrarsvæði örstutt frá borginni, skemmtilegt að fara á þessar slóðir.

2 Júní – Hvítá

Umsjón : Jóhann Geir Hjartarson



Mynd 13: GHF

Hin árlega ferð í Hvítá var farin 2. júní. Veður gott og áin í góðu skapi. Fjórir réru, Jói fararstjóri, Doddi kunningi hans, Heiða og Gísli HF. Það var notalegt að byrja og enda við kaffiborðin á Drumbó og Jói var þarna greinilega á heimavelli. GHF var ánægður með bætingu

“...fannst ég vera aðeins betri en fyrir tveim árum - þetta er allt að koma!”.

3. Júní - Hörpuróður (Sjómannadagur)

Umsjón: Ólafía Aðalsteinsdóttir / Bjarni Kristinsson



mynd 14: BK

Nú árlegur Hörpuróður var róinn á Sjómannadaginn 3. júní. Þetta var hin ágætasta skemmtun og veðrið var með því besta sem gerist hér á landi, hæg gola frá Skarfakletti og inní Reykjavíkurhöfn.



mynd 15: BK

Þrír reru úr Geldinganesinu og hittu aðra fjórtán við Skarfaklett hvaðan róíð var inn í Reykjavíkurhöfn.

Gott kaffistopp tekið við Sjóminjasafnið-þar sem nokkrir brutu upp kaffi hefðina og fengu sér hamborgara að hætti dagsins. Og þeir sprækustu fóru í hoppukastala og stóðu sig vel.

Til baka var síðan haldið með svo til beina stefnu á Sundahöfn. Nokkur ylgja var komin og í bland við öldurót hraðbátanna varð úr hið skemtilegasta róðrarfæri.

Og að lokum var rennt í hina glæsilegu skeljasandsfjöru við Skarfaklettinn- frábær brottfarar og komustaður kayakróðra um Sundin blá.

Róðrarvegalengdin varð um 10.5 km eða um 5,7 sjómílur.



mynd 16: BK

Þeir sem reru: Halla og Ingi Bogi, Ragnheiður og Eiríkur, Ólafía var fararstjóri, Gísli S K var róðarstjóri, Hannes, Sævar, Thorbergur, Lárus, Gunnar Ingi, Hilmar á Barbí, Halli og Eva sem reru úr sandfjörunni við Skarfaklett. Einar Sveinn, Smári og Ingi komu úr Geldinganesi. Og úr Örfirisey komu Erna og Eymi.

16. júní - Suðurnes.

Umsjón : Gísli Fridgeirsson

Lýsing ferðar var eftirfarandi :

“Róið verður fyrir Sandvík að virkjun og til baka, vegalengd 20 - 30 km. Til vara Garður - Vogar, um 20 km. Þessi ferð er ekki fyrir byrjendur og allur búnaður þarf að vera í lagi. Suðurnesin koma alltaf á óvart og eru heillandi svæði, en mikinn hluta ársins er illfært til róðurs á þessum slóðum, þannig að nú er tækifærið. Fjara er kl. 10:20, flóð kl. 16:36, norðurfall síðdegis mest 1 - 2 km/h. Tími og fjarlægðir u.þ.b.: Hafnir - Sandvík 10 km 10:30 - 12:30, matartími í Sandvík, Sandvík - Reykjanesvirkjun fram og til baka 6 km 13:15 - 14:30, kaffi í Sandvík, Sandvík - Hafnir 15:00 - 17 u.þ.b”.

Það voru svo tíu ræðarar sem fóru á sjó innan við bryggjuna í Höfnum kl. 10:30. Gísli H F - Perla - Sveinn Axel - Hildur - Egill - Þorbergur - Lárus - Kolbrún - Ólafía og Tryggvi frá Sviða. Sveinn og



Mynd 17: SAS

Lárus voru umsjónarmanni til aðstoðar við róðrarstjórn.

Vindur var að meðaltali 7 m/s úr NV en fór af og til upp í 10 - 11 m/s. Auk þess var vestan aldan um metri, auk brota á skerjum, bæði blindum og sýnilegum. Það var mat manna að rétt væri að meta ferð á þessu svæði til "þriggja ára" erfiðleikastigs, fremur en tveggja. Við fórum í skjól við Junkaragerði, eftir stuttan róður. Þar háttar svo til á fjöru, að skerjarani skagar til vesturs og veitir skjól fyrir öldunni. Við enda hans og sunnan við hann þar sem við fórum inn eru grynningar og hlið milli skerja og þar brotnaði þessi meters alda en slyppi maður þar í gegn var komið inn í lygna "tjörn". Kolla var fyrst á eftir mér og fór á lagi og þetta var minni háttar öldureið, skemmtileg hjá flestum, en Þorbergur tók sér far með "ólagi" inn. Hann lagðist laglega í ölduna eins og vanir menn gera og brunaði fram með "súpunni" þar til aldan bara hætti skyndilega að vera til og Þorbergur studdi sig við ekki neitt eins og títt er í eldri teiknimyndum og féll í bólakaf og synti síðan í land með minni háttar aðstoð.



Mynd 18: SAS

Á leiðinni í Sandvík tók Hafnarbergið við, bjarg sem enginn sér frá veginum og þar liggur svartfuglinn nú á. Frákastið frá bjarginu var ruglandi og kann að valda notalegri sjóriðu þegar lagst verður til svefns í kvöld. Lendingin í Sandvík gekk vandræðalaust, en mikið af sandi barst inn í suma bátana þar. Þarna var snætt á rekaviðarbol, en síðan skroppið að Reykjanesvirkjun. Það var furðulegt að vera þar fyrir utan í svo heitum sjó að hæft hefði heitum potti. Ég var mest hræddur um að ef ég færi veltu þar kæmi ég snöggsóðinn upp aftur.

Vegna aðstæðna sem lýst hefur verið nenntum við ekki að róa til baka móti vindi og öldu frá Sandvík aftur í Hafnir og lauk því góðri ferði í Sandvík.

23.júní - Jónsmessuróður

Umsjón Össur Imsland ásamt sérlegum aðstoðarmanni Einari Sveini Magnússyni

Það var fáménnt að þessu sinni í þessum fasta lið í róðrarferðum sumarsins Jónsmessuróðrinum. Að venju og eins og hefðin er fyrir var róð í Hvalfirði og frá Hvammsvík eins og oftast er gert ef verður leyfir.

Við vorum níu sem rérum: Egill, Einar, Friðþjófur, Jónas, Magni, Maligiaq sá grænlenksi snillingur, Marta, Þórólfur og Össur.

Í upphafi ferðar var byrjað á því að grilla pylsur í mannskapinn í fjörusporði Hvammsvíkur. Það hefur skapast ágætis stemming um þetta uppátæki að grilla og borða léttan snæðing áður en róð er að stað. Það má því með sanni segja að við vorum södd og sælleg þessir fáu ræðarar sem rérum af stað þetta Jónsmessukvöl í blíðskapa veðri.



Mynd 19: ESM

Ákveðið var að róa léttan hring um Hvammshöfða og róa svo inn fjörðinn, með landinu sunnanmegin svona bara eins langt og menn hefðu stemmara fyrir. Það varð svo úr að við rérum að



Mynd 20: ESM

svo nefndum Stórhöfða þar sem við tókum flest kaffipásu. Maligiaq var hins vega greinileg ekki vanur svona rólegum róðri og þeyttist um fjörðinn þveran og endilangann með við hin drukkum grænt te. Við rérum til baka næstum sömu leið en skiptumst á að róa með snilldar grænlenksu priki (Alpine Paddle, made in France) sem við höfðum kynnst hjá Maligiaq fyrr um daginn þegar hann var með námskeið í grænlenksri áratækni, veltu og fleiru.

Þetta var í öllu falli notaleg kvöldstund í rólegum einnar árar róðri.

30. júní Rauðanes-Miðhús

Fararstjóri og róðrarstjóri: Sveinn Axel Sveinsson

Upphaflegt róðraplan var 17 km róður frá Rauðanesi að Álftanesi, en ferðin stytt aðeins og endað var í landi Miðhúsa, þar sem flóðataflan var okkur ekki hagstæð.

13 félagsmenn mættu stundvíslega kl 10:00 í róðurinn sem hófst við Rauðanes 2 rétt vestan við Borgarnes. Heimamenn á bænum Rauðanesi 2 tóku vel á móti okkur



Mynd 21: SAS

með kaffi og buðu okkur velkomin. Farið var með tvo bíla á leiðarenda, þ.e í landi Miðhúsa. Róið var með ströndinni, þar sem fjölbreyttir klettur og skorningar voru skoðaðir innan um fjölskrúðugt fuglalíf. Veðrið lék við okkur, sól og 17 stiga hiti og lítill sem enginn vindur, þó fengum við smáinnlögn með okkur í lok ferðar. Kaffistopp var tekið, ekki langt frá ósum Langár, þar sem ljúft var að njóta sólarinnar í fallegu umhverfi. Þetta var rólegur róður, þar sem farið var í land nokkrum sinnum til að teygja sig og sumir lögðust til sunds í sjónum til að kæla sig, án þurrgalla, slík var verðurblíðan.



Mynd 22: SAS

Þetta er nokkuð fjölbreytt og skemmtilegt róðrarsvæði eins og sjá má

Róðurinn endaði í 15,5 km og komum í land á Miðnesi um kl 16:30.

Þátttakendur voru: Sveinn Axel, Hildur, Reynir Tómas, Steinunn, Klara, Egill, Marta, Einar, Margrét, Tryggvi, Einar Páll, Jónas, Magnús S.

6. júlí – Vatnsfjörður (aflýst)

Umsjón Páll Reynisson

Þessi ferð var titluð "Vatnsfjörður" í ferðakynningu klúbbsins, en gert ráð fyrir róðri í Arnarfirði til vara. Áætlað var að hafa bækistöð í Flókalundi í Vatnsfirði og róa þaðan vestur í Hagavaðal fyrri daginn og yfir í Skálmarnes og Kjálkafjörð þann seinni.

Dagana fyrir þessa ferð í Vatnsfjörðinn var veðurspá ekki upp á það besta. Aðeins tveir gáfu áhuga sinn til þátttöku til kynna og annar afboðaði sig síðan. Því var ákveðið að fella þessa klúbbferð niður. Umsjónarmaður lagði þó ekki árar í bát heldur hélt einn vestur með allt sitt hafurtask.

Ferðalýsingu Palla má finna á kayakklubburinn.is undir "ferðasögur".

10 ágúst Breiðafjarðarferðin (aflýst)

Umsjón Reynir Tómas Geirsson.

Breiðafjarðarferðin 10.-12. ágúst var ekki farin vegna mjög slæms veðurútlits sem mönnum þótti ekki óhætt að fara af stað í með stóran hóp. Fara átti í Rauðseyjar og Rúfeyjar. Þó ferðinni væri formlega aflýst stefndi í allgóða þátttöku.

Nokkrir félagar fóru á eigin vegum vestur á Skarðsströnd og þó veðrið væri ekki gott fóru þeir samt út og komust í báða eyjaklasana í ferð sem þrátt fyrir veðrið gekk nokkuð vel.

8.sept - Fyrir Akranes

Umsjón Reynir Tómas Geirsson



mynd 23: ÞK

Ferðin fyrir Akranes var farin 8. september og tókst vel.

Alls voru 11 félagar mættir, og róðið var fyrst í rúma klst úr Blautósi inn í Krókalón, þar sem var gott hádegishlé. Svo var á annarri klst farið fyrir Vesturflösa að vitanum þar sem heimamenn tóku vel á móti okkur og við skoðuðum vitann, frábært útsýni þaðan og skemmtilega ljósmyndasýningu í vitanum. Loks var farið um hafnarmynnið á Langasand.

Það skiptust á lygnusvæði og sterkari alda, veður var með þægilegasta móti og hópurinn að vanda góður. Svæðið er frábært róðrarsvæði sem þarf að gefa meiri gaum.



mynd 24: ÞK

Myndasmiðir

- (SAS) Svein Axel Sveinsson
- (GP) Guðni Páll Viktorsson
- (BK) Bjarni Kristinsson
- (GHF) Gísli Friðgeirsson
- (ÞK) Þorbergur Kjartansson
- (GIG) Gunnar Ingi Gunnarsson
- (ESM) Einar Sveinn Magnússon

Húsnæðisnefnd 2012:

Guðni Páll Viktorsson gudnipallv@gmail.com Formaður

Páll Gestsson, pall.gestsson@gmail.com

Gunnar Ingi Gunnarsson, gunnar.ingi@mosverjar.is

Eymundur Ingimundarson, eyymi@islandia.is

Össur Imsland, ossur@ask.is

Einar Sveinn Magnússon, esm@pfaff.is

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í þeim málum er tengjast framtíðar aðstöðu klúbbsins.

Klúbburinn hefur aðstöðu á þremur stöðum í bænum, Geldinganesi, Nauthólsvík og sundlaugunum í Laugardal. Í Nauthólsvíkinni leigjum við enn af Siglingaklúbbum Brokey og er þar pláss fyrir 35 báta og aðgengi að búningasklefum og sturtum. Leigan sem við borgum í þar er 240þúsund á ári og stenst það nokkurn veginn á endum að geymslugjöld standi undir henni. Nokkur pláss eru laus í Nauthólsvíkinni. Í Geldinganesi er nú geymsluaðstaða í 8 gámum = 160 bátar heildar fjöldi gáma er 12 gámar. Nokkur pláss eru laus þar, en ekki mörg. Aðstöðugámarnir eru 4 einangraðir gámar sem innangengt er um og hýsa kaffiaðstöðu, salerni, sturtuaðstöðu og búningaáðstöðu. Á liðnu ári hefur mikið verið gert til að laga og bæta aðstæðuna, til dæmis var pallurinn stækkaður vel og skjólveggur reistur með bekk áföstum á, einnig var mikið að rusli hent og ónýtum búnaði, þá bættum við við nýjum aðstöðugám sem varð kvennaklefi og var það löngu tímabært, og einnig fjölguðum við um einn geymslugám. Sturtur eru fjórar og anna þær vel í venjulegum róðrum. Af framtíðarhúsnæði klúbbsins er það að fréttu að það gengur hægt – eins og margir vita, smávægilegu viðhaldi hefur verið tildæmis smurning á lásun og hurðum. Síðan tókum við til prufa viðgerðaraðstæðu í sal í Korpu ekki hefur hann verið vel nýttur en vonandi sendur það til bóta. Nú er löngu búið að gera Reykjavíkurborg grein fyrir að við viljum fá byggingaleyfi á þeim stað sem núverandi aðstaða er á eiðinu út í Geldinganes og tveir fundir voru setnir með skipulagsyfirvöldum árið 2011 þar sem okkar þarfir voru settar fram. Vel er tekið í þetta allt og nú er verið að vinna deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert er ráð fyrir að Kayakklúbburinn fái lóð þarna á eiðinu. Nú í vetur er stefnt á að klára þetta deiliskipulag og í þeirri vinnu verður fundað með öllum hagsmunaaðilum, m.a. Kayakklúbbum.

Guðni Páll

Sjókayakar

Keppnir til Íslandsmeistaratitils

Í upphafi árs var ákveðið að fjórar keppnir gæfu stig til Íslandsmeistaratitils á sjókayak. Keppninar voru:

- Reykjavíkurbíkar, um 10 km
- Reykjaneskeppni, um 7 km
- Sprettkeppnin á Agli rauða
- Hvammsvíkurmarafon, um 42 km

Stig voru gefin fyrir hverja keppni og skyldu mest þrjár keppnir telja hjá hverjum þátttakanda.

Keppnisreglur

Fylgt var sömu keppnisreglum og árið 2011 með þeirri undantekningu að keppnisnefnd ákvað að bæta skilgreiningu á flokkun báta. Árið 2011 var í fyrsta skipti keppt í tveimur flokkum sjókayaka:

- Flokkur-1. Keppnisbátar og brimskíði (þ.m.t. Rapier, Ocean X, Nelo og brimskíði)
- Flokkur-2. Ferðabátar (þ.m.t. Kirton Inuk).

Keppnisnefnd taldi umdeilt hvenær bátur fer yfir mörk þess að vera hraðskreiður ferðabátur eða keppnisbátur. Til að skerpa á flokkuninni var ákveðið að tengja hana við hlutfall lengdar sjólínu (L) á mótí breidd sjólínu (W) og miða við að bátar í Flokki-2 hafi hlutfall $L/W < 11$. Bátar með $L/W \geq 11$ eru í Flokki-1.

Þessi flokkun með L/W byggir að hluta á flokkunarkerfi Tom Cartmill, lýsingu á því má finna á eftirfarandi netsíðum

soundrowers.org/DeterminingKayakClassifications.aspx

www.soundrowers.org/BoatClasses.aspx

www.blackburnchallenge.com/kayak_class.html

Þessi skilgreining leiðir til sambærilegrar flokkunar og áður. Nokkur umræða haði verið um Kirton-Inuk, samkvæmt þessari reglu fellur hann eins og áður í Flokk-2 því hann hefur $L/W=10,6$. Vallay-Rapier 20 hefur $L/W= 13,8$ og er því í Flokki-1 eins og áður.

Spurt var hvort gerður er greinarmunur á opnum og lokuðum bátum. Keppnisnefnd sá ekki ástæðu til þess að flokka opna báta á annað hátt en lokaða þegar stuðst er við L/W hlutfallið og öryggismál eru í lagi.

Reykjavíkurbíkar

Vorhátíðin og Reykjavíkurbíkarinn gengu sérlega vel fyrir sig. Veðurspáin var tvísýn dagana fyrir keppni og var spáð allmiklum vindi. Það rættist hins vegar úr veðri og kjöraðstæður voru fyrir keppni. Alls tóku 19 ræðarar þátt í keppni um Reykjavíkurbíkarinn sem haldin var 28.apríl. Róið var réttsælis umhverfis Geldinganesið og þaðan róinn hringur umhverfis bauju í Blikastaðakrónni (hólmi var ekki hringaður). Það voru 15 ræðarar sem tóku þátt í 10 km róðri karla. Að þessu sinni kepptu allir í flokki ferðabáta (enginn keppnisbátur). Sigurvegari varð Ólafur Einarsson (58:10) á Point 65 XP og næstir komu Sveinn Axel Sveinsson (Kirtan Inuk) og Eymundur Ingimundarson (Valley Aquanaut). Fimm efstu menn notuðu vængárar og enginn fór í keppnina með grænlenka ár. Í 10 km róðri kvenna sigraði Þóra Atladóttir (1:09:30) á Valley Nordkapp LV, tveir keppendur tóku þátt. Í 3 km róðri kvenna voru tveir keppendur og sigraði María Breiðdal (22:59). Enginn keppandi var í 3 km róðri karla.

Eftir keppni var haldin þyrluæfing með þyrlusveit Landhelgisgæslunnar.

Reykjaneskeppni

Stefnt var að því að vestfirðingarnir í Sæfara héldu sína keppni í tengslum við Vorhitting í Reykjanesi. Það var fámennur hópur sem mætti í Vorhittinginn og fallið var frá því að hafa keppni. Engin keppni var því haldin á vegum Sæfara.

Sprettkeppnin á Agli rauða

Stefnt var að því að hafa sprettkeppni á vegum Kajakklúbbsins Kaj á sjókayakhátíðinni Agli rauða. Engin keppni var hins vegar haldin.

Hvammsvíkurmaraðon

Hvammsvíkurmaraðon var haldið þann 25.ágúst 2012. Boðið var upp á einstaklingskeppni og liðakeppni en einungis einstaklingskeppnin gaf stig í keppni um Íslandsmeistaratitilinn.

Sex einstaklingar hófu keppni og af þeim luku fjórir keppni. Tvö lið hófu keppni og luku þau bæði keppni.

Á síðustu stundu var ákveðið að ræsa í Geldinganesi og í heild voru keppnisaðstæður erfiðar. Á fyrsta legg var gott lens, vindur af austan um 8-10 m/s. Erfiðið tók við á legg tvö, þar féllu tveir einstaklingar úr keppni. Aðstæður voru betri á legg þrjú en þreyta háði keppendum sem voru að fara heilt maraðon. Ólafur Einarsson sigraði í einstaklingskeppni á tímanum 5:05:45 (1:40:13 - 1:51:27 - 1:34:05) og keppti hann á Point 65 XP og notaði vængár. Ólafur taldi þetta erfiðustu keppni sem hann hefði tekið þátt í og tími hans var um 1 klst frá hans besta tíma. Af þeim fjórum einstaklingum sem luku keppni höfðu þrír

ekki tekið þátt í keppninni áður. Þá varð sá merki áfangi að tveir luku keppni með því að fara allt maraþonið með grænlenka ár. Enginn kvenmaður tók þátt í einstaklingskeppni.

Flugfélagið WOW veitti ferðaverðlaun, flug fyrir tvo til Berlínar. Dregið var milli þeirra sem luku keppni og Guðni Páll Viktorsson hreppti verðlaunin.

Íslandsmeistari í karlaflokki

Íslandsmeistari í karlaflokki varð Ólafur B. Einarsson en hann sigraði í þeim tveimur keppnum sem töldu til Íslandsmeistaratitils. Í öðru sæti varð Sveinn Axel Sveinsson. Meðfylgjandi tafla tilgreinir þá sem tóku þátt í keppnum í karlaflokki.

Karlar	Reykjavíkur- bikarinn	Hvammsvíkur- maraþon	Samtals	Nr
Nafn	Stig	Stig	Stig	
Ólafur Einarsson	100	100	200	1
Sveinn Axel Sveinsson	80	80	160	2
Lárus Guðmundsson		60	60	3 - 4
Eymundur Ingimundarson	60		60	3 - 4
Guðni Páll Viktorsson		50	50	5 - 6
Guðmundur Breiðdal	50		50	5 - 6
Þorbergur Kjartansson	45		45	7
Gunnar Ingi Gunnarsson	40		40	8
Einar Kristinsson	36		36	9
Egill Þorsteins	32		32	10
Páll Gestsson	29		29	11
Páll Reynisson	26		26	12
Smári Ragnarsson	24		24	13
Össur Imsland	22		22	14
Ágúst Ingi Sigurðsson	20		20	15
Stefán Árnason	18		18	16
Karl Valdimar (Kaldi)	16		16	17

Íslandsmeistari í kvennaflokki

Íslandsmeistari í kvennaflokki varð Þóra Atladóttir með 100 stig í einstaklingskeppni. Hún tók þátt í liðakeppni í Hvammsvíkurmaraþoni og það taldi ekki til stiga.

Konur	Reykjavíkurbíkarinn	Hvammssvíkurmaráðuneytið	Samtals	Nr
Nafn	Stig	Stig	Stig	
Þóra Atladóttir	100		100	1
Klara Bjartmarz	80		80	2

Aðrar keppnir á sjókayak

Keppni í sjókayakfærni

Keppt var í nýrri keppnisgrein á sjókayak laugardaginn 01. september þegar keppt var í sjókayakfærni við bryggjuna í Bryggjuhverfinu í Reykjavík. Keppt var í braut þar sem ræðari þurfti að fara í gegnum hindranir og leysa tækniprautir. Flest viðfangsefni voru í samræmi við góða róðrartækni og færni á sjókayak ásamt nokkurra „busl“ þrauta. Heildarlengd brautar var um 400 m og voru reitir afmarkaðir með baujum. Brautin var róin á tíma og voru tveir keppendur ræstir samtímis, hver þáttakandi fékk að fara tvær umfrerðir. Brautin var hönnuð þannig að færni ræðara vegur meira en hraði á beinni leið, þá var brautin höfð þannig að venjulegur sjókayak hefði betri möguleika en hraður keppnisbátur eða grænlenstur veltubátur. Keppt var í tveimur flokkum: (i) Almennur flokkur (ii) Úrvalsflokkur. Þáttakendur gátu valið sér keppnisflokk en þeir sem höfðu tekið 4* BCU þjálfun bar að fara í Úrvalsflokk.

Níu þáttakendur tóku þátt í úrvalsflokki og sigurvegari varð Guðni Páll Viktorsson. Í almennum flokki voru tveir þáttakendur og sigurvegari varð Eypór Gunnarsson.

Keppni í Nauthólsvík

Ólafur Einarsson hafði frumkvæði af því að halda keppni í Nauthólsvík þann 18. ágúst (ekki á vegum keppnisnefndar). Þessi keppni var tilraun með það markmið að fá fleiri inn í keppnis/skemmtiróður bransann. Rónir voru tveir 3 km hringir, samtals 6 km. Átta þáttakendur mættu og tóku þátt. Veður var mjög gott og keppnin tókst einstaklega vel. Kostur við þessa staðsetningu er hversu auðvelt það er fyrir áhorfendur að fylgjast með hvort sem er úr Kópavogi eða frá Nauthóltsvík. Sigurvegari varð Ólafur Einarsson (36:22).

STRAUMKAYAKAR

Fremur lítill áhugi virðist vera á keppnishaldi á straumkayak. Leitað var eftir því að fá aðila með áhuga á straumkayak inn í keppnisnefnd en enginn fékkst til verksins. Einungis var haldin ein keppni á straumkayak.

Tungufljótskappróðurinn

Tungufljóts kappróðurinn árlegi var haldinn laugardaginn 8. september. Keppnin fór að venju fram í flúðunum rétt ofan við brúna yfir Tungufljót - á milli Geysis og Gullfoss. Það voru sjö keppendur sem mættu til leiks, sex í karlaflokki og einn í kvennaflokki. Keppnin var skemmtileg og veðrið frábært, logn og sól.

Fyrirkomulagið var með sama sniði og hefur verið undanfarin ár. Þrír til fjórir keppendur ræstir samtímis og tveir fyrstu úr hverjum riðli komust áfram. Til að gera keppnina ennþá meira spennandi þurftu keppendur að ná einu eddy-i og þar breytist staðan iðulega.

Sigurverari í karlflokki varð Reynir Óli Þorsteinsson. Í öðru sæti varð Ragnar Karl Gústafsson og Friðrik Rúnar Garðarsson varð þriðji.

Í kvennaflokki sigraði Tinna Sigurðardóttir .

Keppnisnefnd árið 2012

Keppnisnefnd ársins 2012 var svo skipuð:

Egill Þorsteins (formaður)

Klara Bjartmarz

Pétur B. Gíslason

Össur Imsland

Ársskýrsla sundlaugarnefndar Kayakklúbbsins 2012

Hlutverk sundlaugarnefndar;

Setur upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt.

Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2012 eru

Magnús Sigurjónsson msig@simnet.is

Hörður

Sveinn Axel

Guðni Páll

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal,

Æfingarnar þetta árið urðu 25 talsins og þar mættu 675 eða að meðaltali 27 á hverja æfingu. Talsverð nýliðun hefur orðið á æfingum og er það gott mál.

8 námskeið voru haldin á vegum nefndarinnar og sóttu þau um 54 mans.

Aflýsa þurfti 1 námskeiði þar sem engin þátttaka var, þetta er aukning um 3 frá fyrra ári.

Breytt hefur verið um inngang fyrir okkur til að koma með bátana inn í lagina en það var sett á okkur krafa um að við skoluðum bátana með brunaslöngunni við dyrnar.

Þetta var gert til að þagga niður athugasemdir hjá öðrum sundlaugargestum ekki vegna sóðaskapar af okkar völdum.

Við þökkum fyrir þátttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári.

Við viljum hvetja menn til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar einhvað gerist við alvöru aðstæður, þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar
Magnús Sigurjónsson

Ungliða- og fræðslunefnd 2012

Mikil starfsemi var í Nauthólsvík sumarið 2012. Boðið var upp á námskeið í fitness róðri á vegum Kayakhreyfingar en í framhaldinu hefur myndast kjarni ræðara sem rær reglulega og hefur verið duglegur að bjóða ungum sem öldnum að koma í róður. Margir þessara ræðara eiga börn sem prufuðu róður við öruggar aðstæður. Margir hafa hafa keypt sér búnað eða eru að fara að kaupa sér búnað sem gefur fleiri möguleika á að prófa. Þann 11 ágúst var haldin Skerjafjarðarhátíð og var þar boðið upp á að prófa róður í auglýstri dagskrá. Undirtökurnar voru frábærar bæði af fullorðnum og unglingum sem réru nokkra hringi hver á meðan reyndir ræðarar voru til taks. Surfski klúbbbáturinn hefur verið hornsteininn í því að geta leyft fólki að prófa keppnisbát en til að starfið geti fengið umfang þarf meiri búnað. 18 ágúst var haldin 6km keppni og kepptu 8 ræðarar og margir komu að horfa á. Slík keppni gæti hentað yngri ræðurum. Nokkrir erlendir ræðarar komu til landsins í sumar og gátu miðlað þekkingu á starfi klúbba erlendis en samhæfðu grettistaki þarf til að koma slíku starfi af stað hér á landi.

Kveðja/Regards
Ólafur B. Einarsson